



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

142. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn þriðjudaginn
28. desember í bóknámshúsi kl. 16:00.

Mættir: Hjálmar Árnason, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, Ágíur Sigurðsson, aðstoðarskólameistari, Oddný Harðardóttir, fulltrúi kennara, Ólafur Eggertsson, Bogi Hallgrímsson, Guðjón Kristjánsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson og Jón Samundsson, fjármálastjóri og fundarritari.

1. Fjárhagsáætlun 1989.

Skólameistari gat þess að hann ásamt þeim Guðmundi Björnssyni og Jóni Samundssyni hefðu mætt á fundi hjá fjárhagsnefnd S.S.S. til viðræðna varðandi fjárhagsáætlun skólans fyrir 1989.

Ekki kom fram teljandi gagnrýni á áætlunina að undanskildum akstursstyrk kennara, fjárhagsnefnd S.S.S. virtist vera honum fremur andsnúin.

Skólanefndin var sammála um að yrði akstursstyrkur kennara felldur niður leiddi það til vandræða með ráðningu kennara við skólann. Því leggur skólanefnd eindregið til að sá liður haldist óbreyttur, meðan hliðstæðar greiðslur tíðkast í skólum á þessu svæði.

2. Ráðning húsvarðar.

Skólameistari las upp uppsagnarbréf Maríusar Sigurjónssonar húsvarðar, en hann latur af störfum nú um áramótin af heilsufarsástæðum.

Starfið var auglýst fyrri hluta desember og bárust þrjár umsóknir.

Umsækjendur voru: Sigurður Steinsson, bifvélavirki,

Kjartan Finnbogason, lögregluvarðstjóri,

Guðjón Jóhannsson, skipstjóri.

Skólanefndin var sammála að umsækjendur væru allir mjög hæfir í umrætt starf. Samþykkt var að ráða Sigurð Steinsson.

3. Lok haustannar og byrjun vorannar.

Skólameistari greindi frá því að 18. desember s.l. hefðu brautskráðst 32 nemendur. Athöfnin fór fram í Ytri - Njarðvírkirkju að viðstöddu fjölmenni.

Í upphafi lék 8 manna gítarhljómsveit Tónlistarskóla Keflavíkur undir stjórn Þórarins Sigurbergssonar og kór Fjölbrautaskóla Suðurnesja söng undir stjórn Siguróla Geirssonar.

Fram kom að á önninni voru opnaðar tvær nýjar námsbrautir, skipstjórnaðarbraut og endurreist vélstjórnaðarbraut til II. stigs. Nemendur í dagskóla voru 577, í öldungadeild 140 og 160 sóttu nám í ýmsum námsskeiðum á vegum skólans. Kennarar voru u.þ.b. 50 talsins.

Lilja Möller færði skólanum að gjöf frá 5 ára stúdentum grafík mynd eftir Þorfinn Sigurgeirsson, fyrrverandi nemanda við skólann.

Þegar athöfninni lauk var boðið til kaffiveitinga í Pristinum. Þá greindi Hjálmar frá breytingum á kennsluháttum með svonefndu stoðkerfi sem virðist hafa gefið mjög góða raun.

Allar líkur eru á því að á vorönn verði nemendafjöldi svipaður. Þá mun sjúkraliðabraut verða opnuð á næstu önn og að öllum líkindum netagerðarbraut.


4. Önnur mál.

Skólameistari greindi frá því að skólanum hefðu nýlega borist nokkrar góðar gjafir.

Hitaveita Suðurnesja og Rafverktakafélag Suðurnesja gáfu fjórar iðntölvur, Vélstjórnaðarfélag Suðurnesja gaf 75.000.- krónur en það félag hefur ákveðið að verja ákveðnum hluta af félagsgjöldum til uppbyggingar á vélstjórnaðarbraut skólans, svo gaf Útvegsmannafélag Suðurnesja myndbandsspólur, en á þeim er fræðsluefni varðandi sjósókn og notkun ýmissa veiðarfæra o.fl.

Að loknum fundi skólanefndar var tekið á móti velunnurum skólans og þeim færð þakkarskjöl fyrir höfðingleg framlög á árinu til skólans.

Fleira ekki gert, fundi slitið.



Jón Sæmundsson,
fundarritari.



Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.